

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Fjallabyggð.

Hafnarsvæðið á Siglufirði.

Bæjarráð Fjallabyggðar samþykkti 30. ágúst 2024 nýtt deiliskipulag hafnarsvæðis Siglufjarðar sem kynnt var á opnum íbúafundi 28. september 2023 og auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með athugasemdafresti frá 30. júní 2024 til 19. júlí 2024. Skipulagssvæðið er um 9,5 ha að stærð og nær til hafnarsvæðis og athafnalóða. Það afmarkast af smábátahöfn í vestri, Rauðku og Gránugötu, athafnasvæði við Tjarnargötu og Öldubrjót í norðri. Markmið deiliskipulagsins er að tryggja eftir því sem kostur er sambýli ólíkra atvinnugreina, þ.e. ferðaþjónustu og sjávarútvegs, gefa kost á nýjum atvinnutækifærum og bæta ásýnd Óskarsbryggju, m.a. vegna farþegaskipa sem þar leggja að og nýs varðskips sem nú á heimahöfn á Siglufirði og er legustaður þess við Óskarsbryggju.

Fjallabyggð, 14. janúar 2025.

Pálmi Blængsson, verkefnastjóri skipulags- og umhverfissviðs.

B-deild – Útgáfudagur: 27. janúar 2025